

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
10. apríl 2013 <i>10.5.1</i>	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. apríl 2013
Tilvísun: UST20130300153/bs

Efnistaka úr farvegi Múlakvíslar og bygging varnargarða á Mýrdalssandi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindra framkvæmda.


Efnistaka úr farvegi Múlakvíslar er áætluð um 360.000 m³ á tveimur stöðum. Annars vegar 320.000 m³ úr farvegi Múlakvíslar ofan brúar vestan megin og hins vegar 40.000 m³ úr nýjum farvegi við brúna. Gerður verður nýr varnargarður austan Múlakvíslar ofan Hringvegjar um er að ræða 2.600 m langan "bakgarð" og 12 grjóttvarða leiðigarða alls 2.600 m að lengd.


Fyrirhugað er að taka efni frekar grunnt vestan megin í farvegi Múlakvíslar. Hér er um afar efnismikinn farveg að ræða og væntanlega munu ummerki um þessa efnistöku hverfa um leið og áin nær að veltast um efnistökusvæðið. Umhverfisstofnun vill þó benda á að gæta þarf þess að efnistakan fari fram nægilega fjarri gönum hlíðum vestan Múlakvíslar þannig að ekki skapist þar hætta á rofi.

Helstu áhrif fyrirhugaðra varnargarða verða að líkindum sjónræn áhrif. Áhrifin eru talin óveruleg þar sem garðarnir verða úr sama efni og er í farvegi árinna og þeir verða helst sýnilegir á stuttum kafla á Hringvegi 1 og virðast ekki áberandi í umhverfi sínu samkvæmt tölvugerðum myndum á bls. 12 í frummatsskýrslu. Hér er um algerlega afturkræfa framkvæmd að ræða.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreindar framkvæmdir muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur